

Stefnumót við Múlatorg í rjómablíðu



Auður Ottesen, ritstjóri tímaritsins Sumarhússins og gardísins, hefur lag að því að bjóða fólk í heim í stórvæslu á hverju sumri sem kallast Stefnumót við Múlatorg. Veðrið lék við gesti og gangandi sem kynntu sér það sem fyrir augu bar á markaðstorginu. Súrkál, plöntur, berjasaf, sultur, brauðmeti og kökur, handverk og prjónles. Svo má ekki gleyma tónlistarfólkini sem gladdi viðstadda með einstakri þjóðlagatónlist. Fleiri myndir á bls. 2.

Stóllinn í Hveragerði strax orðinn vinsæll áfangastaður

Síðan er rauði stóllinn sem tekur á móti gestum í Lystigarðinum við Fossflöt í Hveragerði hefur heldur betur slegið í gegn. Rauði liturinn sker sig vel út og dregur fólk að sér. Hugmyndina að stólnum á Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Það er vinsælt að smella af sér myndum í stólnum, nú eða bara eiga gott spjall. Í samtali við Krummann, vefrit í Hveragerði sagði Bryndís: „Ég sé svipaðan stól í Noregi fyrir nokkrum árum og hugsaði strax að það væri nú gaman að fá svona stól í bæinn okkar. Ég ræddi þessu hugmynd við meirihlutann í Hveragerði og þeim leist vel á og þá



kom upp sú hugmynd um að gera þetta að samfélagsverkefni og fá félög eldri borgara til að vinna verkið.“



Líf og fjör á leikjanámskeiði í Vík í Mýrdal

Leikjanámskeið hefur verið hluti af sumarstarfi sem boðið er upp á fyrir börn í sveitarfélaginu Vík í Mýrdal eins og undanfarin tvö ár. Leikjanámskeið þessa árs fór fram í júní og sóttu 24 börn námskeiðið. Leikjanámskeiðið stóð yfir í þrjár vikur og þar fór fram fjölbreytt dagskrá. Farið var í ratleik, vatnsblöðrurstíð, bingó, yoga, föndur og fleiri fjölbreytta leiki innan- og utandyra. Einnig var bakað og útieldunaraðstaðan í Syngjanda var nýtt til þess að grilla pylsur svo eitthvað sé nefnt. Það var ýmislegt í boði innan leikjanámskeiðsins fyrir þátttakendur. Hestamannafélagið Sindri var með reiðnámskeið og Ungmennafélagið Katla bauð upp á sundnámskeið, boltafjör og leikjafjör fyrir öll börn sem skráð voru á námskeiðið.

Einn daginn eftir hádegi var haldið

í leiðangur með nesti. Labbað var að Öxarfótalæk, þar var mikið fjör. Börnin óðu kát og glöð í læknum. Sumir skemmtu sér svo vel að varla gafst tími til þess að borða nestið. Eftir að nestið hafði verið borðað var sullað aðeins meira í læknum, svo var haldið heim á leið.

Börnunum gafst færi á að prófa allskonar nýjungar. Þar má til dæmis nefna Slackline sem er jafnvægisílna, strekkt á milli tveggja staura. Síðan er gengið eftir henni og reynt að halda jafnvægi. Einnig var farið í fótbalta þar sem stór blaðra var notuð í stað bolta sem var mikið fjör.

Heilt yfir gekk leikjanámskeiðið vel fyrir sig. Umsjónarmenn námskeiðsins að þessu sinni voru þau Guðrún Lilja Kristófersdóttir, Hörður Már Kristinsson og Urður Ósk Árnadóttir.

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Íslenska gámafelagið mun sinna úrgangsbjónustu í Hveragerðisbæ

Samningur hefur verið undirritaður við Íslenska gámafelagið ehf. sem taka mun við úrgangsbjónustu í Hveragerðisbæ þann 1. ágúst næstkomandi. Um er að ræða úrgangsbjónustu fyrir öll heimili og stofnanir Hveragerðisbærar auk bjónustu við gámastöð sveitarfélagsins. Hjá öllum heimilum í bæjarféluginu eru þrjú íslát, eitt fyrir óflokkadán úrgang, annað fyrir flokkaðan og það þriðja fyrir lífrænan úrgang. Verktaki mun sækja allan úrgang til allra heimila og stofnana og ráðstafa honum til aðila sem hafa tilskilin starfsleyfi til móttöku og vinnslu. Tilboðsfjárhæð er 84,7 m.kr. á ári eða um 30.000 pr. íbúa miðað við núverandi forsendur. Verktími samkvæmt samningi er þrjú ár en hægt er að framlengja samninginn tvísvar um eitt ár í senn ef um það semst.

Ljóst er að kostnaður vegna úrgangsmála hefur hækkað gríðarlega á undanförnum árum enda kröfur til meðhöndlunar og förgunar með allt öðrum hætti nú en áður var.

Í útboðinu nú var lögð áhersla á endurnýtingu og endurvinnslu en Íslenska gámafelagið hefur verið brautryðandi í útflutningi á úrgangi til orkuendurvinnslu. Innihald

gráu tunnu Hvergerðinga mun því í framtíðinni verða að rafmagni eða orku í sveitarfélögum í Danmörku eða annars staðar í Evrópu.

Til að minnka þann mikla kostnað sem felst í meðhöndlun úrgangs er mikilvægt að Hvergerðingar standi saman og reyni með öllum tiltökum ráðum að minnka það magn sem fer til orkuendurvinnslu eða aðra kostnaðarsama meðhöndlun. Það gerum við best með því að kaupa minna og vera meðvitnud um umbúðir, endurvinnna það sem hægt er og flokka með réttum hætti það sem fellur til. Í samningnum við Íslenska gámafelagið ehf. er gert ráð fyrir fræðslu til íbúa og munu

fbúar væntanlega verða varir við slíkt á haustmánuðum.

Hér má finna ítarlegar leiðbeiningar um flokkun í Hveragerði. Rétt er síðan að rifja upp að það sem fer í grænu tunnuna á að fara laust í tunnuna, EKKI í plastpokum og ef við setjum eitthvað í plastpokum þá mega þeir ALLS EKKI vera litaðir. Litaðir plastpokar í grænu tunnunni geta orðið til þess að ekki er hægt að endurvinnna og innihald grænu tunnunnar fer þá í ferli þar sem hvert kg kostar 46 krónur! Stöndum saman, minnkum magnið, flokkum vel og spörum peninga um leið sem hægt er þá að nýta í önnur og betri verkefni en úrgangsmeðhöndlun.



Evrópubúar vilja helst ferðast innanlands eða til næstu nágrennalanda

Um 70% Evrópubúa hafa áform um að ferðast næstu sex mánuði eða til nóvember-loka skv. niðurstöðum könnunar sem Evrópska ferðamálaráðið birti fyrir stuttu. Könnunin er nú framkvæmd í sjóunda sinn meðal íbúa helstu ferðamannaþjóða Evrópu. Löngunin til að

ferðast hefur ekki mælst svo mikil frá því hún fór af stað í ágústmánuði árið 2020.

Niðurstöðurnar sýna jafnframt að helmingur Evrópubúa sem ætlar að ferðast næsta hálfa árið hefur áform um að heimsækja annað Evrópuland. Ríflega þriðjungur (36%) ætlar hins vegar að ferðast innanlands. 1% ætlar í sína næstu Evrópuferð til Íslands eða álíka hátt hlutfall og til hinna Norðurlandanna. Þau lönd sem flestir Evrópubúar hafa áform um að ferðast til eru Spánn (11%), Ítalía (8%), Frakkland (7%), Grikkland (7%) og Portúgal (6%).

Skýrsluhöfundar beina því til áfangastaða að höfða til aldurshópa og markaða með hátt bólusetningaráhlutfall og að markaðir verði endurskilgreindir með hliðsjón af því að tveir af hverjum þremur Evrópubúum kjósa að ferðast innanlands og til nálægra landa. Ennfremur að fyrirtæki eigi að vera opin fyrir því að setja fram tilboð með skömmum fyrirvara og hanna auglýsingaherferðir þar sem gert er ráð fyrir stuttum bókunarfyrivara. Til að viðhaldha jákæðni fyrir ferðalögum ættu ferðamálayfirvöld að hefja markaðssetningu nú fyrir fjórða ársfjórðung 2021.



Mynd: freepik.com

Sigríður Ósk fékk Rósina fyrir áhugaverðar útfærslur í garðinum

Rósín er viðurkenning sem veitt er árlega af Sumarhúsini og garðinum á hátiðinni Stefnumót við Múlatorg. Viðurkenningin er veitt fyrir framkvæmdir, hugmyndaauðgi og áhugaverðar útfærslur í garðinum eða sumarhúsalandinu. Í ár hlaut Sigríður Ósk Jónsdóttir Rósina fyrir einstakan garð með austurlenskum blæ. Garðurinn hennar er á Hlemmiskeiði II á Skeiðum.



Myndasyrpa frá Múlatorgi



Básaleiga
á Selfossi



KRÍLAFLO
BÁSALEIGA

Básaleiga á Selfossi
fyrir fullordinsföt og barnaföt.

Upplýsingar
og bókanir á
www.krilaflo.is

Eyravegur 21,
Selfoss

Nýtt Nýtt Nýtt Nýtt Pitayaskál



Pitaya bomba

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, banani, saxaðar döðlur, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero karmel i usósa

1.790 kr.



Pitaya kiwi

Grunnur: Jarðaber, bláber, kiwi, hnetusmjör, karmel i u, kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkul aði sósa

1.790 kr.



Pitaya zero

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, hnetusmjör, karmel i u kókosflögur, hunang, hafrarjómi, zero súkkul aði sósa

1.790 kr.



Barnaskál

Grunnur: Jarðaber, bláber, banani, zero súkkul aði sósa

990 kr.



Pitaya banana

Grunnur: jarðaber, bláber, banani, hnetusmjör, súkkul aði dropar, hunang, hafrarjómi, zero karmel i usósa

1.790 kr.

Aðeins á
Selfossi

Skalli
Sá svalasti í bænum

Aðeins á
Selfossi

KIA gullhringurinn tókst frábærlega - Sjáumst hress að ári



Hjóreiðahátiðin KIA gullhringurinn fór fram laugardaginn 10. júlí á Selfossi en 550 þáttakendur tóku þátt sem gerir viðburðinn að stærsta hjóreiðaviðburði ársins. Hátíðin var ræst í nýjum miðbæ á Selfossi sem opnaði fyrsta áfanga sinn fyrir gestum sömu helgi. Hátíðin tókst frábærlega á nýjum stað í góðu veðri og eru keppendur og stuðningsmenn þeirra almennt ánægdir með hvernig til tókst.

„Takk fyrir okkur, kæru vinir og þáttakendur. Ég væri mjög þakkláttur að fá allar ábendingar um hvað við getum gert betur á næsta ári. Verkefnið í ár var mannfrek áskorun og metnadarfull. Okkur tókst ekki allt sem við ætluðum okkur í fyrstu atrennu en margt tókst frábærlega og keppnin vex sannarlega á milli ára. Endilega sendi mér póst með öllum ábendingum og rýni til gagns á einar@vikingamot.is - mér þætti mjög vænt um það að fá punkta frá ykkur þangað til næst,“ segir Einar Bárðarson, einn skipuleggjenda mótaráðarinnar.

Selfoss nýr heimavöllur

KIA gullhringurinn fagnar 10 ára afmæli í ár en síðustu níu ár fór hátiðin fram á Laugarvatni. Í febrúar ákváðu skipuleggjendur hátiðarinnar að þekkjast boð Sveitarfélagsins Arborgar og eigenda Sigtúns þróunarfélag sem eru að byggja nýja miðbænn um að koma með keppnina í hjarta Selfoss og hjóla þaðan um Flóann í gegnum Stokkseyri og Eyrarbakka. „Fyrst og fremst erum við að fára hátiðina til að

tryggja öryggi keppenda. Flóinn er fallegur og flatur að mestu og á laugardagskvöldum er umferð lítil þannig að hjóreiðafólk nýtur dagsins og kvöldsins í gleði og öryggi,“ segir Pórir Erlingsson forseti mótsjórnar Víkingamótanna. „Því er ekki að neita að það að fá þessa fallegu umgjörð, sem nýi miðbærinn er, utan um hátiðina okkar og hjóla síðan í gegnum Stokkseyri og Eyrarbakka er bara yndislegt. Við erum nokkrir hérla í hópi skipuleggjenda sem eru aldir upp hérla á þessu svæði og okkur þykir gaman að koma með KIA gullhringinn heim.“

Formaður SEM heiðurshestur

Heiðurshestur hátiðarinnar var Arnar Helgi Lárusson sem nýlega hjólaði 400 km á sólarhring á handhjóli, en Arnar Helgi er lamaður fyrir neðan brjóstkassa. Með ferðinni sinni vildi Arnar Helgi vekja athygli á hreyfingu hreyfihamlaðra og safna um leið peningum til að kaupa handhjól fyrir SEM, Samtök endurhæfðra mænuskadðaðra. Arnar tekur með sér hóp hreyfihamlaðs hjóreiðafólk en með þessu vilja SEM og skipuleggjendur hátiðarinnar leggja áherslu á það að hjóreiðar eru fyrir alla og að hreyfing er mikilvæg fyrir alla.

UMFÍ samstarfsaðili

Ungmennafélag Íslands (UMFÍ) er samstarfsaðili Víkingamótanna í ár og mun halda utan um árangur þeirra sem taka þátt í öllum mórum sumarsins. Þeir þáttakendur sem ná þeim áfanga fá verðlaun í lok sumars. Síðasta keppnin fer fram þann

11. september. „Það er frábært að fá UMFÍ í lið með okkur. Þar fáum við aðgang að mikilli reynslu þeirra sem þar starfa en kynnum á sama tíma UMFÍ og aðildarfélögum fyrir nýju íþróttafólk. Samstarf skilar alltaf árangri og því er ég fullviss um að samvinnan verði báðum til gagns,“ segir Einar Bárðarson, einn skipuleggjenda mótaráðarinnar. Meðbyr er skipuleggjandi og ábyrgðaraðili mótaráðarinnar en UMFÍ skráir og viðurkennir afrek þáttakenda. „Það er mikil lyftistöng fyrir þau sem taka þátt í allri seríunni að fá viðurkenningu fyrir sín afrek frá jafn virtum félagasamtökum og UMFÍ.“

Hvernig verður maður Víkingur?

Með því að keppa í öllum mórum sumarsins er hægt að vinna sér inn þrjá mismundandi titla en þó ekki alla í einu. **Víkingasveitin:** Með því að keppa í einhverri vegalengd í öllum keppnum í sumar komast keppendur í Víkingasveitina. **Íslands-Víkingur:** Ætli keppendur sér nafnbótina Íslands-Víkingur þá þurfa keppendur að klára 66 km í KIA gullhringnum, 28 km í Eldslóðinni, 26 km í Hengill Ultra sem og 23 km í Landsnet MTB. Keppendur mega fara lengri vegalengdir en ekki styttri til að ná nafnbótinni. **Járn-Víkingur:** Til þess að komast í hóp Járn-Víkinga verða þáttakendur að klára 106 km í KIA gullhringnum, 28 km í Eldslóðinni, 53 km í Hengill Ultra sem og 66 km í Landsnet MTB.

Járn-Víkingur: Til þess að komast í hóp Járn-Víkinga verða þáttakendur að klára 106 km í KIA gullhringnum, 28 km í Eldslóðinni, 53 km í Hengill Ultra sem og 66 km í Landsnet MTB.

Fyrir ungar fjölskyldur

Oddny G. Harðardóttir
þingmaður og oddviti Samfylkingarinnar í Suðurkjördæmi



Draumar okkar og hugsjónir í Samfylkingunni eru um velferðarsamfélag sem er fyrir alla. Þess vegna tölum við fyrir langtímafárfestingu í menntun, heilsugæslu og umönnun barna. Parna er grundvöllur velferðarinnar og eitt af einkennum norræna velferðarkerfisins. Við eignum langt í land að ná hinum norrænu ríkjum á ymsum sviðum, ekki síst þegar um stuðning við ungar fjölskyldur er að ræða.

Ungt barnafólk sem er að hefja sinn feril á vinnumarkaði er gjarnan um leið að koma sér þaki yfir höfuðið. Kostnaðurinn við þarfir barnanna, fæði, klaði og tómstundir, bætist þar við. Og fyrir vikið verður álagið enn meira á fjölskyldurnar eða þá að barneignum er frestað.

Barnafólk með meðaltektjur hér á landi veit ekkert hvað ég er að tala um þegar ég nefni barnabætur sem búbót fyrir ungar fjölskyldur. Þau hafa aldrei fengið útborgun frá ríkinu sem ætluð er til að jafna stöðu þeirra gagnvart hinum sem ekki eru með börn á framfæri. Og það er ekkert skrítið því samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar byrja barnabæturnar að skerðast við lágmärkslaun sem eru nú 351 þúsund krónur á mánuði. Skerðingarnar hafa það í för með sér að einstaklingar sem eru með rúmar 600 þúsund krónur á mánuði fá ekkert. Auk þess eru bæturnar greiddar út fjórum sinnum á ári en ekki mánaðarlega og verða því ekki eðlilegur partur af mánaðarlegum rekstri heimilisins.

Ef barnabætur yrðu greiddar út mánaðarlega þá væru þær óskertar 31.208 kr. á mánuði með einu barni undir 7 ára hjá sambúðarfólk en 44.225 kr. til einstæðra foreldra. Ef börnin eru tvö og annað undir 7 ára yrði greiðslan 54.475 kr. á mánuði hjá sambúðarfólk en 77.625 kr. hjá einstæðum foreldrum.

Það þarf að gera betur fyrir ungar fjölskyldur. En til þess þarf nýja ríkisstjórn eftir kosningar. Ríkisstjórn jafnaðarmanna.

Gáta vikunnar

Bara hlutur einhver er ég.
Inni á bás er mig að finna.
Ættar-giftu í mér ber ég.
Erfitt þykir mér að sinna.



Vísagáttur-höf:
Ármann Dalmansson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Svar við gátu í blaði 2606: **GILDI**
1. Kúgildi - 2. Ærgildi - 3. Kaup-/verðgildi - 4. Matargildi



Guðbjörg Hulda Albertsdóttir



Guðjón Bjarni Hálfðánarson



Til staðar á Suðurlandi

Þú færð tryggingaráðgjöf og bjónustu
á persónulegum nótum í útibúum okkar.

Selfoss | Austurvegur 38 | 440 2470 | sudurland@sjova.is
Vestmannaeyjar | Bárustígur 15 | 440 2480 | sudurland@sjova.is
Þorlákshöfn | Hafnarberg 1 | 897 0999 | sudurland@sjova.is



Sigurbjörg Kristín Óskarsdóttir

Erna Karen Stefánsdóttir



Guðmundur Karl Sigurdórsson

SJÓVÁ

Viðskiptavinir athugið!

Vegna sumarleyfa verður heimilistækjaverkstæði okkar lokað 14. júlí - 17. ágúst 2021.



www.arvirkinn.is - Eyravegi 32, Selfossi - Sími 480 1160

Lundur - leitar að hjúkrunarfræðingum

Nú vantar okkur hjúkrunarfræðing á Hjúkrunarheimilið Lund á Hellu í 60-100% starfshlutfall. Um er að ræða morgunvaktir, kvöldvaktir og bakvaktir.

Einnig vantar okkur hjúkrunarfræðing til starfa eina helgi í mánuði á morgunvaktir eða kvöldvaktir og bakvakt.

Á Lundi eru 33 hjúkrunarrými allt einbýli. Um er að ræða einstaklega gefandi og fjölbreytt starf á skemmtilegum vinnustað.

Hæfniskröfur:

Íslenskt hjúkrunarleysi
Fjölbreytt starfsreynsla æskileg
Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
Sveigjanleiki, jákvæðni og góð hæfni í samskiptum og samvinnu, íslenskukunnáttu og góð almenn tölvukunnáttu

Laun eru samkvæmt kjarasamningum Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og nýjum stofnanasamningi Lundar og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Nánari upplýsingar og umsóknir:

Margrét Ýrr Sigurgeirs dóttir, hjúkrunarfostjóri
Netfang: margret@hellu.is



Lausar eru til umsóknar tvær stöður kennara við Laugalandsskóla í Holtum, Rangárþingi ytra, skólaárið 2021-2022.

Um er að ræða kennslu á miðstigi, ensku, upplýsingamennt og náttúrufræði á unglingsastigi ásamt stuðningi við nemendur.

Umsækjandur þurfa að hafa kennsluréttindi, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum.

Laugalandsskóli er í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík.

Húsnaði á staðnum.

Umsóknarfrestur er til 30. júlí 2021

Veffang: <http://www.laugaland.is>

Netfang: laugholt@laugaland.is

Upplýsingar veitir skólastjóri í gsm. 896 4841 eða 862 9530

Myndræn ljóð lita draumheiminn svo fallega

-segir lestrarhesturinn Davíð Art Sigurðsson

Davíð Art Sigurðsson, myndlistarmaður, er fæddur í Reykjavík. Þar ólst hann upp til 12 ára aldurs, en síðan í Hafnarfirði á unglingsárunum. Hann er stúdent frá Flensborgarskóla, en lagði stund á framhaldsnám við háskóla í Bandaríkjunum. Frá árinu 2006 hefur hann búið á Stokkseyri og unnið að eigin myndlist. Hann er mikill áhugamaður um hlut barna í menningu og vinnur við ýmis fjölbreytt verkefni tengd myndlist með börnum og unglungum, í samstarfi við Sveitarfélög Árborg.

hans, þá hef ég alveg sérstaklega gaman af þessum ljóðum. Ég leyfi mér að segja að þetta eru mannbætandi ljóð. Þau eru eins og skáldið í senn snjöll og leifstrandir, ihugul og fræðandi. Sögulegur fróðleikur höfðar líka til míni og sögulegar skáldsögur. Ennfremur bækur um listir og listamenn. Ég er líka aðaðandi góðra glæpasagna og mjög hrifinn af framlagi íslenskra höfundu á því svíði.

Var bókum haldið að þér í æsku?

Ég var snemma læs og alltaf lesandi sem barn. Bækur voru ævintýraheimur sem gáfu mér tækifæri til að gefa ímyndunar-aflinu lausan tauminn og ferðast þangað sem hugurinn bar mig. Ég las ævintýri H.C. Andersen, Grimms-ævintýri og arabísku ævintýrin úr *Púsund og einni nót*. Ýmsir bókaflokkar voru í uppáhaldi eins og bækur Enid Blyton. Tarzan-bækurnar las ég líka og bækurnar um *Lassy* og um *Gust*. Ég gekk um alpana með *Heiðu* og lenti í fjölmörgum ævintýrum með bræðrunum Frank og Jóá, rétt eins og Línu Langsokk og fléiri vinum.

Ég man sérstaklega eftir tveimur bókum sem ég hafði mikil dálæti á og eru greyptar í barnsminnið. Önnur heitir *Litla ugla hennar Mariú* en það er spennandi og bráðfyndin fjársjóðssaga af fjölskyldu sem erfir húseign sem leynir á sér. Hin bókin er uppáhalds barnabókin míni og heitir *Bláskjár*. Það segir af ungum dreng sem ræningjar nema á brott og halda föngnum á íverustað sínum í skógi. Bláskjár má ekki fara út á daginn og fær ekki að sjá sólinu. Sagan segir af dvöl hans hjá ræningjunum og hvernig honum lálast að lokum að komast aftur heim til fjölskyldu sinnar. Ég lifði mig svo inn í lestrurinn á þessari góðu bók, að ég man að mig dreymdi oft að sésipennandi drauma tengda henni, þar sem ég var virkur þáttakandi. Slíkar minningar lifa enn góðu lífi þegar ég les fyrir lítil eyru!

Einhverjur uppáhaldshöfundar?

Ég á marga uppáhaldshöfunda. Ég er hrifinn af verkum Vigdísar Grímsdóttur og bók hennar *Kaldaljós* er meðal minna eftirlætis skáldsagna. Ég er spenntur fyrir að lesa meira eftir Olaf Jóhann Ólafsson, en hann höfðar sterkt til míni. Af



Davíð Art Sigurðsson.

glæpasagnahöfundum eru fjórir íslenskir í sérstöku uppáhaldi, þau Arnaldur Indriðason, Yrsa Sigurðardóttir, Ragnar Jónasson og Stefán Máni. Uppáhalds ljóðskáldin míni eru of mörg til að telja upp hér en þó verð ég að nefna Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, Stein Steinarr, Jón úr Vör, Snorra Hjartarson og Gyrði Elíasson. Þetta eru allt slíkir andans snillingar að það eru hrein forréttindi að lesa ljóðin þeirra.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjunum þínum?

Frekar handahófskenndar. Ég hef alltaf gaman af að lesa þegar ég hef tíma til og tek gjarnan lestrarternir. Það eru alltaf einhverjar bækur á náttborðinu og það höfðar sérstaklega til míni að lesa eitt og eitt ljóð fyrir svefninn. Myndræn ljóð lita draumheiminn svo fallega eins og ljóðabálkurninn *Tíminn og vatnið* eftir Stein Steinarr.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Ég get ekki sagt að margar bækur hafi rænt mig svefni eftir að ég komst á fullorðinsá. Þó man ég eftir einni, *Grafarþögn* eftir Arnald Indriðason. Ég man að ég gat hreinlega ekki lagt hana frá mér ókláraða.

En að lokum Davíð, hvernig rithöfundur eru sjálfur?

Það er margt sem mig langar til að skrifa. Líklegast munu ljóð verða ráðandi hjá mér, því ég hef mjög gaman af ljóðagerð. Árið 1998 var gefin út eftir mig ljóðabókin *Pegar ljóð* eru en hún inniheldur óbundin ljóð. Síðan þá hef ég verið að fasti við meira af því sama en einnig ort hefðbundið, ásamt því að þýða ymsa texta. Ég hef líka áhuga á smásagnagerð, ekki síst örsögum. Það gæti verið gaman að safna slíku efni í útgáfu, hvort sem væri með ljóðum eða sér.

Lestrarhestur númer 119.
Umsjón Jón Özur Snorrason.

**EITT VERÐ
7.900 kr.**
INNIFALID ER TJALDSTÆDI
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA,
AFPREYING OG TÖNLEIKAR.
KEPPNIN ER OPIN
FYRIR ALLA
11-19 ÁRA.

FYRIR ALLAR GREINAR

UNGLINGALANDSMÓT

Selfossi um verslunarmannahelgina 2021

FESTIVAL FJÖLSKYLDUNNAR VÍMULAUS ÍPRÓTTA- OG FJÖLSKYLDUHÁTIÐ

ÍPRÓTTIR Á DAGINN:
FJÖLDI ÍPRÓTTAGREINA: HLAUPASKOTFIMI – BOGFIMI – BORDTENNIS – FIMLEIKALÍF
FRÍSBÍGOLF – FRJÁLSAR ÍPRÓTTIR – GLÍMA – GOLF – GÖTUHJÓLREIÐAR – HESTAÍPRÓTTIR
ÍPRÓTTIR FATLAÐRA – KNATTSPYRNA – KÖKUSKREYTINGAR – KÖRFUBOLTI – MÓTOKROSS
PÍLKAST – RAFÍÍPRÓTTIR – SKÁK – STAFSETNING – STRANDBLAK
STRANDHANDBOLTI – SUND – TAEKWONDO – UPPLESTUR

TÖNLEIKAR Á KVÖLDIN:
GDRN – BRÍET – HERRA HNETUSMJÖR – FRÍÐRIK DÓR – STUÐLABANDIÐ
Sprite Zero Klan – MOSKVIT – OG FLEIRI

Skráning á [ulm.is](#)

Forstöðumaður ungmannabúða UMFÍ

UMFÍ leitar að drífandi leiðtoga og öflugum liðsmanni í starf forstöðumanns ungmannabúða.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stjórnun og ábyrgð á ungmannabúðum UMFÍ
- Daglegur rekstur
- Að stýra faglegu starfi og leiða starfsmannahóp
- Stefnumörkun, áætlanagerð og upplýsingagjöf fyrir starfsemina í samstarfi við framkvæmdastjóra og stjórn UMFÍ
- Ráðningar starfsfólks í samráði við framkvæmdastjóra UMFÍ

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. kennaramenntun, félags- og tómstundastræði eða uppeldisstræði
- Starfsreynsla sem nýtist í starfinu
- Leiðtogaþærni, frumkvæði og driftkraftur
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Framúrskarandi samstarfs- og samskiptahæfni
- Uppfylla kröfur skv. íþrótt- og æskulýðslögum varðandi sakavottorð



UMFÍ eru frjáls félagasamtök rúmlega 400 íþrótt- og ungmannafélaga um allt land. Samtökin voru stofnuð árið 1907 og standa þau fyrir ýmsum verkefnum ásamt því að styðja við starf aðildarfélaga sinna. Rekstur ungmannabúða er eitt af stærstu verkefnum samtakanna. UMFÍ leggur áherslu á fagleg vinnubrögð, jákvæð samskipti og samstarf með sameinaða krafta að leiðarljósi.

Umsóknarfrestur er til og með 26. júlí nk.

Umsóknir óskast fylltar út á [hagvangur.is](#).

Með umsókn þarf að fylgja ítarleg starfsferliskrá og kynningarbréf.

Nánari upplýsingar veitir Katrín S. Óladóttir, katrin@hagvangur.is

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Selfyssingar á sigurbraut á ný

KNATTSPYRNA Selfoss er komið aftur á sigurbraut í Pepsi Max-deildinni eftir hrikalegt gengi í undanförnum leikjum. Sigurinn kom á heimavelli gegn nýliðum Keflavíkur í seinstu viku.

Það var Brenna Lovera sem gerði eina mark leiksins undir lok fyri hálfleiks eftir frábæra stöðsendingu frá Barbáru Sól Gísladóttur.

Eftir leikinn er Selfoss í þriðja sæti með 17 stig, sex stigum á eftir toppliði Vals. Liðið lék í gær á heimavelli gegn Þór/KA en næsti leikur liðsins er á Kópavogsvelli laugardaginn 24. júlí kl. 16:00 gegn Íslandsmeisturum Breiðablikks.

-Umf. Selfoss



Brenna skoraði mark Selfyssinga.

Ljósmynd: Mbl.is/Þórir Tryggvason

Alexander Adam sigraði í unglingsflokki

MÓTOKROSS Önnur umferð Íslandsmeistararamótsins í mótokrossi fór fram á Akureyri þann 10. júlí í blíðskaparveðri.

Alexander Adam Kuc tók

bátt í tveimur flokkum, sigraði í unglingsflokki og lenti í þriðja sæti í MX2. Eric Máni Guðmundsson lenti í öðru sæti í unglingsflokki yngri. Ragnheið-

ur Brynjólfssdóttir lenti í þriðja sæti í kvennaflokk 30+.

-Umf. Selfoss/rb



Alexander Adam (fyrir miðju) leiðir keppni til Íslandsmeistara í unglingsflokki.



Eric Máni (t.v.) varð annar í unglingsflokki yngri.

Ganga að Grænahrygg – Hvað þarf að hafa í huga

Gönguleiðin að Grænahrygg í Friðlandi að Fjallabaki hefur verið mikil í svíðsljósini að undanförnu og margir leggja leið sína að hryggnum til að líta hann augum. Að því tilefni benda landverðir friðlandsins á að gönguleiðin er krefjandi, leiðin er ekki stikuð, vaða þarf straumharðar ár á leiðinni og eru þær villugjarnar. Þeir sem hyggja á að ganga að Grænahrygg þurfa að hafa eftirfarandi í huga:

- Að kynna sér gönguleiðina áður en lagt er af stað. Hafið samband við landverði í friðlandinu eða aðra staðkunnuga.
- Hafa meðferðis nægt nesti fyrir dagsgöngu.
- Vaða þarf straumharðar ár og því mikilvægt að hafa

meðferðis vaðskó og gott að hafa göngustafi.

Gönguleiðin að Grænahrygg er á miðhálendinu þar sem allra veðra er von og því mikilvægt að hafa allan nauðsynlegan hlífðarfatnað meðferðis.

Nánari upplýsingar hjá land-

vörðum í síma 822 4083, netfang fjallabak.ranger@ust.is.

Landverðir friðlandsins vilja einnig benda gestum á að ganga vel um svæðið og fara alls ekki upp á Grænahrygg eða aðrar viðkvæmar náttúrumínjar.

Hugum að öryggi okkar, göngum vel um náttúruna og stöndum vörð um hana saman.



Tap í jöfnum leik

KNATTSPYRNA Selfyssingar lágu á heimavelli fyrir Kórdrengjum í Lengjudeildinni í seinstu viku. Eina mark leiksins kom á 76. mínuðu eftir vandræðagang í öftustu línu Selfyssinga.

Selfoss og Kórdrengir eru nýliðar í 1. deildinni í ár og er hlutskipti þeirra nokkuð ólít. Á meðan Kórdrengir eru í baráttu um að komast upp um deild

-Umf. Selfoss

82%

Sunnlendinga
lesa Dagskrána
í hverri viku



DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun
okt.-nóv. 2018.

Kerhólsskóli

Kerhólsskóli auglýsir eftir
Íþróttakennara



Í skólanum eru rúmlega sjötíu nemendur frá eins árs og upp í 10. bekk. Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám, teymiskennslu og útinám. Unnið er samkvæmt hugmyndafræði „Uppeldi til ábyrgðar“. Leitað er að sjálfstæðum og drífandi einstaklingum með þekkingu og áhuga á skólastarfi.

Um er að ræða kennslu í skólaíþróttum og mögulega fleiri greinum. 50-100% staða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf sem kennari
- Frumkvæði og skipulögð vinnubrögð
- Mjög góð hæfni í samskiptum
- Færni í að vinna í teymum og að fjölbreyttum verkefnum
- Þekking á *Uppeldi til ábyrgðar* er kostur.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknunum um starfið skal fylgja skrá yfir menntun, starfsferil og upplýsingar um umsagnaraðila. Fólk af öllum kynjum er hvatt til að sækja um.

Umsóknarfrestur er til og með 4. ágúst 2021.

Nánari upplýsingar veitir Jóna Björg Jónsdóttir, skólastjóri í síma 480 5520 og jona.bjorg@kerholsskoli.is Umsóknir sendist á netfangið jonabjorg@kerholsskoli.is.

Skemmtilegar stundir á Úlfþjótsvatni

Á Úlfþjótsvatni má finna sér fjölmargir skátar saman á skátamótinu *Skátaumarið* og nutu samverunnar eins og sjá má á löngum bunum og nóg er um að vera. Síðustu helgi komu



Sumarleikur fjölskyldunnar í Árborg - finna póstkassann

Sveitarfélagið Árborg í samstarfi við Heilsueflandi samfélag hefur sett á laggirnar nýtt fjölskylduverkefni sumarið 2021. Um er að ræða útgáfu af ratleik þar sem gengið er á ákveðinn stað og kvittað í gestabók sem um leið gefur möguleika á verðlaunum.

Um er að ræða sex staði í sveitarfélagini þar sem búið er að setja sérstaka póstkassa sem þarf að ganga að og merkja í gestabókina. Staðirnir eru við Sængurkonstein, Hellisskógl, Hallskot og fuglafriðlandið, Ingólfssfjall, Fjaran við Knarrarós-vita og Silfurbergið en nánari skýringar má finna hér að neðan.

Markmið verkefnisins er að hvetja fjölskyldur til útvistar í



Ljósmyndasýning 860+

Ljósmyndahópurinn 860+ hefur sett upp sína árlegu ljósmyndasýningu á miðbæjar-túninu á Hvolsvelli.

860+ er félagskapur Ljós-myndara í Rangárþingi eystra og nágrenni. Í félagskapnum eru áhugamenn á öllum stigu og

menntaðir ljósmyndarar.

Á sýningunni í ár má sjá ljós-myndir eftir 18 ljósmyndara.



ÚTBOÐ

þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið *þjónusta iðnaðarfólks* í Árborg í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða rammasamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólk Árborgar. Útboði er skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13:00.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d>
Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skram sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

ÚTBOÐ

Viðhald gatnalýsingar

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:
„Viðhald gatnalýsingar í Árborg“

Verkið felur í sér þjónustu og viðhald á allri gatnalýsingu í sveitarfélagini. Á svæðinu eru tveir eigendur á gatnalýsingarkerfinu þ.e. Sveitarfélagið Árborg og Vegagerðin og nær þessi samningur yfir eignir þeirra beggja. Um er að ræða 3.500 lampa og dreifikerfi sem tengist þeim. Samningur nær til fjögurra ára með möguleika á framlengingu í tvö skipti, eitt ár í senn.



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Helstu magntölur eru:

| | |
|----------------------|------------|
| Viðhald, tímagjald | 2.200 klst |
| Útskipting lampa | 1.200 stk |
| Varbúnaður í staurum | 600 stk |
| Peruskipti | 1.650 stk |
| Körfubill | 950 klst |
| Þjónustubill | 300 dagar |

Útboðsgögn verða afhent á útboðvef sem er aðgengilegur hér:
<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/343c6732-746c-4a7a-96f1-60e5b2a23f69>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skram sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru bjóðendur hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila tilboðum inn. Útboð þetta er auglyst á hinu evrópska efnahagssvæði (EES).

Skilafrestur tilboðs er til kl. 11.00 mánudaginn 23. ágúst 2021

Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur tilboða er liðinn. Bjóðendum verður því ekki boðið að mæta á opnunarfund en í kjölfar opnunar tilboða verður bjóðendum sent opnunaryfirlit rafrænt.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS
S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmyri 3, Selfossi
þjónustukoðanir Heklu-bifreiða og
almennar bívalðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkjá- og smurþjónusta
Sími 482 4069

SKÁLINN
Yfirbyggingar - Réttigar
Bílamálun - Rúðuskipti
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is



Hjá Maddy ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
S. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf
skattskil
þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki
Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga
Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

Krani & tæki

Kranabill • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

**Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar**

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Selfosskirkja
Sunnudagur 25. júlí.
Kvöldguðsbjónusta kl. 20.
Félagar úr Kór Selfosskirkju
leiða söng. Organisti Ester
Olafsdóttir.
Prestur. sr. Arnaldur Bárðarson.

TIL LEIGU

Fjögurra herbergja íbúð til leigu
við Austurveg á Selfossi. Hentar
vel fyrir skólakrakka.
Uppl. í email: jocz@isl.is.

Óskað eftir meðleigjanda í góðri
íbúð nærrí Háskóla Íslands.
Leigist með góðum,
reglusönum námsmanni sem
stundar nám í Háskóla Íslands.
Uppl. í síma 864 1275.

TUNGUMÁL

Óska eftir að komast í samband
við ensku kennara til að kenna
mér ensku. Verður að vera yfir
meðallagi glaðvær. Borga vel.
Omar 483 3568.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUBURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

Tilkynning vegna reiðleiða á Kili



Seitarfélagið Bláskóga-
byggð og Landsamband
hestamannafélaga vilja áréttu
þær reglur sem gilda um
umferð ríðandi manna um
Biskupstungnafrétti/Kjöl.

LH í samráði og góðu
samstarfi við Bláskógaþbyggð og
ýmis félagasamtök innan sveitar-
innar s.s. hestamannafélagið Loga og Landgræðslufélag
Biskupstungna hafa kortlagt og
merkt allar reiðleiðir á Bisk-
upstungnafrétti/Kjöl. Ekki er
heimilt að fara með rekstra um
sumar reiðleiðirnar heldur skulu
þeir sem um þær fara hafa hesta
sína í taumi.

Svæðin sem um ræðir eru
ymist landgræðslusvæði þar

Landsamband hestamanna-
félaga og Bláskógaþbyggð.



**Sveitarfélagið
ÁRBORG**

Helstu magnþölur eru:

| | |
|---------------------------|-----------------------|
| Gróftur | 22.000 m ³ |
| Styrktarlag | 31.500 m ³ |
| Malbik | 14.000 m ² |
| Fráveita | 1.440 m |
| Vatnsveita | 1.085 m |
| Hitaveitulögn | 910 m |
| Uppsetning á ljósastaurum | 19 stk |

ÚTBOÐ

Víkurheiði

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í:
„Víkurheiði“

Verkið felur í sér gerð gatna í Víkurheiði á Selfossi.
Búið er að jarðvegskipta og leggja lagnir í hluta gatnanna.
Jarðvegskipta skal þau götustæði sem eftir eru og leggja
styrktarlag. Einnig skal leggja út burðarlag og malbika all-
ar götur og gangstíga. Setja skal upp ljósastaura og leggja
ljósastaurastrengi. Að auki skal leggja fráveitu, vatnsveitu,
fjarskiptarör og hitaveitu þar sem það er eftir.

Verkið er áfangaskipt.

- Áfangi er gerð götu C og lenging á götu B milli stöðva 120 - 260 án yfirborðsfrágangs en með öllum lögnum.
- Áfangi er gerð götu B frá stöð 260 - 430 m. Gerð götu D, ásamt lögnum gegnum lóð 17. Einnig skal rifa slitlag af götu A, breyta þverhalla og ganga frá yfirborðum allra gatna og gangstíga.

Áfanga 1 skal lokið 15. nóvember 2021.
Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2022.

Útboðsgögn verða afhent á útboðkerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 15.07.2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er föstudaginn 06. ágúst. 2021, kl. 11:00

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/18617101-7eeb-4b7a-96bd-425cf9e7a34>

Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboðum skal skila rafrænt í útboðkerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðkerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skrám sem gerð er krafna um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru bjóðendur hvattir til að skila tilboðum inn.

Mannvirkja- og umhverfissvið Árborgar

Oddahátíð og ný sókn í menningarmálum á Suðurlandi



Starsti tónlistar- og menningarviðburður á Suðurlandi þetta árið átti sér stað á Oddahátíð, sem haldin var í Odda á Rangárvöllum þann 3. júlí síðastliðinn. Hátíðin markaði þáttaskil á fleiri svíðum en á tónlistarsviðinu einu saman. Hún markaði þáttaskil í sókn Sunnlendinga í menningar- og uppbyggingarmálum í viðum skilningi.

Sinfóníuhljómsveit Suðurlands, undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar, hélt skólatónleika í september á síðasta ári, í þeim tilgangi að kynna sig og sinfóníská tónlist fyrir grunnskólamendum á Suðurlandi. Allir þeir tónleikar tókust frábærliga og kveiktu ljós í hjörtum áheyrenda á þann sérstaka hátt sem aðeins sinfónískt tónlist getur gert: Hún snertir tilfiningarnar með alveg einstökum hætti, eins og allir þeir vita sem hafa upplifað slíkt.

Við Sunnlendingar erum einstaklega lánsöm að hjónin Guðmundur Óli Gunnarsson og Margrét Blöndal eru sest að hér á Suðurlandi, með alla sína miklu þekkingu og reynslu í uppbyggingu tónlistarviðburða og reksturs sinfóníuhljómsveitar á Norðurlandi um árabil. Í öllum litlum samfélögum munar um hvern einastamann. Með tilkomu þeirra hjóna hingað verður til ótrúlega oflught sóknarfæri fyrir Suðurland fyrir markvissa og kraftmikla uppbyggingu menningarviðburða í viðum skilningi.

Oddahátíðin var tileinkuð 30 ára afmæli Oddafélagsins, sem var þann 1. desember á síðasta ári. Hátíðin hófst með vígslu og formlegri opnun Oddabruar yfir Þverá, sem er gríðarleg samgöngubót fyrir íbúa Landeyja og mikilvægt öryggistæki þegar og ef til skyndirymingar svæðisins kemur vegna náttúruhamfara, auk þess sem brúin býr til skemmtilega hringleið um Landeyjar, sem eykur möguleika ferðafólks



jafnt sem íbúa. Sigurður Ingi Jóhannesson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, opnaði brúna formlega. Séra Elína Hrund Kristjánssdóttir, sóknarprestur í Odda blessaði mannvirkið og Águst Sigurðsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra afhenti forstjóra Vegagerðarinnar, Bergþóru Porkelsdóttor mannvirkið og veginn til umsjár og viðhalds. Brúin er einbreið, en hönnuð sérstaklega með það í huga að auðvelt verður að tvöfalta hana þegar þörf krefur.

Eftir formlega opnun Oddabruar var gengið til helgistundar í Oddakirkju sem séra Elína Hrund stýrði og þar sem séra Kristján Björnsson, vígslubiskup í Skálholti, hélt hugvekju. Færri komust að en vildu í hina gullfallegu gömlu kirkju, sem teiknuð er af Guðjóni Samúelssyni. Í kirkjunni eru viðir úr eldri kirkju sem séra Matthías Jochumsson léti reisa meðan hann var prestur í Odda á árunum 1880-1886. Hin fagra gamla kirkja mun standa um ókomna tíð í Odda og veita áfram öllum þeim sem hana sækja þá trúarlegu upplifun, innri frið og sálarkeyrð eins og hún hefur gert frá upphafi. En það er löngu orðið ljóst að þörfin fyrir nýja og stærri Oddakirkju er orðin knýjandi. Ekki aðeins þurfa margir íbúar Rangárþings að fylgjast með útför sinna nánustu í gegnum útvarsprás á bílastæði Oddakirkju vegna plássleysis, heldur velja margir að halda útfarir í öðrum héruðum svo allir geti setið í kirkju. Allar stærri kirkjulegar athafnir þurfa íbúar Rangárþings að sækja í aðrar sóknir en sínar eigin. Þetta er frá öllum sjónarhornum ólífandi ástand, ekki síst þegar um er að ræða þær athafnir sem snerta dýpstu tilfiningar fólks eins og raunin er um útfarir, brúðkaup, skírnir eða fermingar.

Oddafélagið hefur kynnt tillögur sínar um uppbyggingu í Odda fyrir sveitarstjórum sveitarfélaganna þriggja í Rangárþingi, fyrir sóknarnefndum allra sókna í Rangárþingi og fyrir ríkissjórn. Tillögur Oddafélagsins snúa að því að ný 400 sæta Oddakirkja, sérhönnuð sem tónlistarhús, verði reist í Odda, samhlíða Sæmundarstofu, menningar- og fræðaseturs í nafni Sæmundar Sigfussonar hins fróða. Oddafélagið lítur svo á að slík uppbygging sé ekki aðeins löngu tímabær heldur brádnauðsynleg fyrir uppbyggingu Odda sem menningarmiðju Suðurlands.

Þegar helgistund lauk í Oddakirkju þann 3. júlí hófst dagskrá hátiðarinnar í 300 m² tjaldi sem reist hafði verið á bílastæði Oddakirkju. Águst Sigurðsson, formaður Oddafélagsins, setti hátiðina og færði sérstökum boðsgestum, þeim Katrín Jakobsdóttur, forsætisráðherra, Sigurði Inga Jóhannessyni, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, séra Kristjáni Björnssyni, vígslubiskup í Skálholti, Þór Jakobsyni, stofnanda og fyrverandi formanni Oddafélagsins og heiðursfélaga og Sveini Runólfssyni, fyrverandi landgræðslustjóra og heiðursfélaga, 30 ára afmælismerki Oddafélagsins, en merkið var til sölu á hátiðinni til styrktar undirbúningi að uppbyggingu í Odda.

Séra Kristján Björnsson hélt tölu um hin sögulegu og mikilvægu tengsl Oddastaðar og Skálholts í gegnum aldirnar og mikilvægi þess að þessir tveir höfuðstaðir Suðurlands héldu góðu og skapandi sambandi sín á milli í framtíðinni. Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra, hélt brá-



skemmtilega ræðu um sögu Oddaverja, um gildi og áhrif menntunar hinnar fyrstu kynslóðar lærðra manna á Íslandi, þ.a.m. Sæmundar fróða og áhrif hans og niðja hans á bókmenningu, á menntun þjóðarinnar og mótn löggsjafar sem skapaði hér þjóðríki um aldamótin 1100.

Að ræðum loknum hófust fyrstu opinbera tónleikar Sinfóníuhljómsveitar Suðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar, hljómsveitarstjóra, með Kvennakórum Ljósbrá, Karlakór Rangæringa, félögum úr Kammerkór Rangæringa og Eyjólfí Eyjólfssyni tenór. Fyrir tónleikana hafði verið reist 300 m² tjald á bílastæði Oddakirkju með 80 m² svíði þar sem hljómsveit og kórar frömuðu sína mögnumu list. Petta voru á margan hátt táknrænir tónleikar og lýsandi fyrir þann skort á veglegu tónlistarhúsi í heraðinu sem sannarlega er til staðar. Hljómburðurinn var reyndar geysilega góður, sem má þakka voldugum skermum á svíðinu og frábærrí stjórn hljómsveitarstjórans, Guðmundar Óla. En það fór ekki framhjá neinum af þeim rúmlega 200 tónleikagestum sem náðu sætum, að það vantaði ekki hæfileikana í heraði; það vantar aðeins tónlistarhúsið.



Fyrst frumflutti hljómsveitin Hátiðarforleik eftir Guðmund Óla, hljómsveitarstjóra. Þá steig Eyjólfur Eyjólfsson, tenór, á svíð og flutti þrjú lög með hljómsveitinni: Í fögrum dal eftir Emil og Jón Thoroddsen; Karl sat undir kletti, eftir Jórunni Viðar við ljóð Halldóru B. Björnsson og Storma, eftir Sigvalda Kaldalóns við kvaði Austur-Landeyingsins Steins Sigurðssonar.

Þá gekk Kvennakórrin Ljósbrá á svíð og flutti með hljómsveitinni Vikivaka, eftir Valgeir Guðjónsson við kvaði Jóhannesar úr Kötum og Næturljóð úr Fjörðum eftir Böðvar Guðmundsson. Þá var komið að Karlakór Rangæringa sem flutti Vorgöngu, eftir Jens Sigurðsson við texta Jóns Ólafssonar og síðan Rangárþing, eftir Björgvin Þ. Valdimarsson við kvaði Sigurjóns Guðjónssonar. Öll kórlögir útsetti Guðmundur Óli fyrir Sinfóníuhljómsveit Suðurlands.

Þá var komið að hinum stóra og mikil-

fenglega frumflutningi dagsins, en það var lag Gunnars Pórðarsonar, tónskálds, við kvæði séra Matthíasar Jochumssonar: Á Gammabrekku. Þá kom Kvennakórrin Ljósbrá aftur á svíð ásamt Karlakór Rangæringa og við bættust félagar úr Kammerkór Rangæringa og Eyjólfur Eyjólfsson, tenór. Hið stórfenglega kvæði þjóðskáldins hafði Gunnar Pórðarson klætt í viðeigandi búning glæsileika kraftmikils hyllingarbrags.

Fögnudur tónleikagesta að flutningi loknum var ákafur og einlægur, og ekki laust við að sumum virtist brugðið að upplifa aðra eins tónleika hér í miðri sveit. En listin spryð ekki að heimilisfangi eða póstnúmeri: Hún spryð aðeins að hæfileikum og ástríðu. Og hér er hvoru tveggja ríkulega til staðar.

Menning og menningarþópur er hvorki skraut né þrjál: Menning er orka. Menningarstarf virkjar þá orku og hleypir henni inn í samfélagið þar sem hún heldur áfram að gefa og skapa. Enn í dag búum við að þeirri orku sem upphafsmenn íslenskra bókmennata leystu úr læðingi fyrir 900 árum síðan í Odda. Menning er sannarlega orka sem áhugamenn og starfandi listamenn virkja og dreifa um þjóðarlíkamann til heilla og bættra heilsu fyrir samfélagið allt.

Hin stóru þáttakil sem þessi Oddahátíð markar eru augljós. Hún setti nýtt viðmið þegar kemur að tónlistar- og menningarviðburðum í heraði og hún sýndi ljóslega að á Suðurlandi er ástríðufullt hæfileikafolk sem okkur öllum ber skylda til að styðja við og styrkja til að láta ljós sitt skína – því það ljós lýsir okkur öllum; það bætir og fegrar mannlífið og það heldur áfram að gefa af sér úti í samfélaginu. Með nýrri Oddakirkju, sem yrði sérhönnuð sem tónlistarhús, ásamt byggingu Sæmundarstofu, menningar- og fræðaseturs í Odda á Rangárvöllum, myndi rísa eitt voldugt orkuver sem mun halda áfram að gefa af sér um ókomna tíð sem menningarmiðja á Suðurlandi.

Margir munu segja að Suðurland sé fyrst og fremst landbúnaðarhérað, en þá skulum við ekki gleyma því að það var fáttækt alþýðufólk af bændastétt sem hélt ljósi menningarinnar lifandi í gegnum aldirnar í kvæðum, sögum, rínum, þjóðsögum, söngvum og ljóðlist. Án hinnar ástríðufullu varðveislu kynslóðanna á hinum dýrmæta menningararfí okkar værum við afskaplega fátaðt fólk, þótt við værum rík í efnislegum gæðum. Því efnisleg gæði eyðast og hrörra á meðan hin menningarlegu gæði lifa um aldir og halda áfram að gefa af sér til nýrrar sköpunar.

*Friðrik Erlingsson,
vverkefnastjóri Oddafélagsins.*

Björgun birkiskógarins í Áslákstungum í Þjórsárdal



Áslákstungum í Þjórsárdal má enn finna allstórar birkitorfur. Talið er að það birkiafbrigði sem þar vex sé það sem óx í dalnum við landnám. Birkið hefur í langan tíma hörfað undan náttúruöflunum, skógarhöggi og beit. Það ferli heldur áfram og nokkuð víst að torfurnar munu eyðast algjörlega með tímanum nema gripið sé til aðgerða.

Pjórsádalur eins og við þekkjum hann í dag er talsvert ólíkur dalnum eins og hann var á fyrstu oldum eftir landnám. Talið er að dalurinn hafi verið skógi vaxinn og vitað er að þar var talsverð byggð fram að gosi Heklu 1104. Þá lagðist þykk lag gjósku yfir dalinn sem kaffærði gróður og kröftugur uppblástar hófst í framhaldinu.

Byggð lagðist af á síðasta bænum í Þjórsárdal eftir að Hekla gaus 1693. En Þjórsádalur var áfram nýttur til beitar, eldiviðar og kolagerðar. Það ásamt kólandi veðurfari gerði að verkum að skógorunn og gróðurfar í dalnum létu undan síga.

Þegar horft er til þess hversu mörg örnefni í dalnum tengjast skógi á nú skóglausum svæðum er ljóst að skógorunn hefur verið útbreiddur. Eyðingin var firnamikil en með landgræðslu og skógrækt hefur þróuninni verið snúið við. Þó eru ennþá svæði sem þarfast aðhlyningar þar sem virkt rof er ennþá í gangi. Þar á meðal Áslákstungur sem hafa lifað af svo stórfellda

mold og vikurlög. Beitarfriðun Áslákstungna er vænlegasti kosturinn til endurheimtar. Án hennar er besti kosturinn sá að dreifa heyríllum á þá jaðra svæðisins þar sem uppblástarinn er hvað mestur til að stöðva frekari uppblástar. Það er hægara sagt en gert, því ómögulegt er að koma rúllunum með tækjum á svæðið og því þarf að flytja þær með þyrlu. Landhelgisgæslan mun sjá um þá framkvæmd en hún er mikilsverður samstarfsaðili Landgræðslunnar og verkið í raun óframkvæmanlegt án slíkrar samvinnu. Verkið verður jafnframt unnið í góðu samstarfi við Afréttarmálfélag Flóa og Skeiða og Skeiða- og Gnúpverjahrepp.

Fyrstu aðgerðir hefjast á þessu ári. Þeim verður haldið áfram á komandi árum og reglulegt endurmat gert í framhaldinu.



ÖKULAND
Meirapróf
Endurmenntun
okuland.is

Hjólbarðapjónusta Magnússar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151



Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

D-H BÓKHALD

- Bókhaldspjónusta
- Skattskil
- Stofnun fyrirtækja
- Framtöl og ársreikningar
- Fyrirtækjaráðgjóf

Dagbjið Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhbokhald@gmail.com
s. 6933708

FROST
KÆLKERFI - FRÝSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - PJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS



BRAGT AF
VINATTU!

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar rafagnir

prentmet
heildarslausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

**Réttинг
og málun**

Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi
480 8020

**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**
Allar ræstingar
Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

**VÉLSMIÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttningar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Bílasprautun - Bílaréttið - Bílruðuskipti

Bilverk BA
Par sem fagmennirnar vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 **696 2311** **Skrifstofa** **Pjónustusími**




FYLGD
Útfarapjónusta





Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT

**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is